



**23. Fundur byggðaráðs Blönduósþæjar
mánudaginn 13. apríl 2015, kl. 16:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv.
undirskriftum.**

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. mars 2015
- b) Róta bs. um málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi frá 31. mars 2015
- c) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 13. mars 2015
- d) Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna frá 19. nóvember 2014

2. Tilboð í framkvæmdir við Blönduskóla

3. Blönduósvöllur

4. Skólamáltíðir við Blönduskóla

5. Reglur leikskólans Barnabæjar

6. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi

7. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2015

8. Erindi frá Saman hópnum dags. 15. mars 2015

9. Erindi frá Ásgerði Pálsdóttur frá 19. mars 2015

10. Erindi vegna gangstíga í gamla bænum ódags.

11. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. mars 2015
Lögð fram til kynningar
- b) Róta bs. um málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi frá 31. mars 2015
Lögð fram til kynningar
- c) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 13. mars 2015
Lögð fram til kynningar
- d) Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna frá 19. nóvember 2014
Lögð fram til kynningar



2. Tilboð í framkvæmdir við Blönduskóla

Guðmundur Haukur Jakobsson sat ekki fundinn undir þessum lið.

Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar, mætti á fundinn og gerði grein fyrir niðurstöðu verðkönnunar í framkvæmdir við Blönduskóla.

Ágúst yfirgefur fundinn.

Byggðaráð felur tæknideild að semja við tilboðsgjafa á grundvelli niðurstöðu verðkönnunar. Tæknideild semur við verktaka á grundvelli gildandi fjárhagsáætlunar sem er 25 m.kr. þar sem sú áætlun dugar ekki til verksins leggur byggðaráð til að þeir fjármunir sem ætlaðir voru til endurbóta á félagsheimili og til yfirlagningar á Sýslumannsbrekku verði nýttir til þessa verks.

3. Blönduósvöllur

Íþróttasjóður mennta-og menningarmálaráðuneytisins hefur veitt Blönduósbæ styrk að upphæð 6. mkr. til framkvæmda við Blönduósvöll vegna Landsmóts UMFÍ 50+.

Byggðaráð þakkar fyrir styrkinn og samþykkir að farið verði í framkvæmdir við Blönduósvöll.

4. Skólamáltíðir við Blönduskóla

Samningur vegna skólamáltíða Blönduskóla rennur út í vor. Byggðaráð samþykkir að fara í útboð á skólamáltíðum Blönduskóla.

5. Reglur leikskólans Barnabæjar

Umræður voru um drög að reglum leikskóla Barnabæjar.

Byggðaráð vísar reglunum með breytingartillögum til fræðslunefndar til frekari umfjöllunar.

6. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi

Ágúst Þór Bragason mætti á fundinn undir þessum lið og lagði fram minnisblað um stöðu svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026. Jafnframt var lögð fyrir fundinn drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi sem þriggja manna verkefnisstjórn hefur unnið að í samræmi við samning milli sorpsamlaga á svæðinu og sveitarfélagsins Húnaþingi vestra um gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir allt Norðurland.

Byggðaráð samþykkir að fela verkefnisstjórninni að auglýsa áætlunina í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og í samræmi við við lög nr. 105/2006 um umhverfismat á umsagnartíma.

Ágúst Þór vikur af fundi.

7. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2015

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2014 verður haldinn föstudaginn 17. apríl 2014 kl. 15:30 í Salnum Kópavogi.



Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar mætir á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

8. Erindi frá Saman hópnum dags. 15. mars 2015

Saman-hópurinn er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka, stofnana og sveitarfélaga sem láta sig varða forvarnir og velferð barna. Óskað er eftir styrk að upphæð kr. 20.000. Styrkurinn greiðist af viðeigandi safnlið.

Byggðaráð samþykkir erindið.

9. Erindi frá Ásgerði Pálsdóttur frá 19. mars 2015

Því er beint til sveitarstjórnar Blönduósbæjar að setja bætt fjarskipti á fjárhagsáætlun og ræða við forsvarsmenn Húnavatnshrepps og finna flöt á samstarfi sveitarfélaganna í þessum málum.

Byggðaráð vísar erindinu um bætt fjarskipti til fjárhagsáætlunar 2016

10. Erindi vegna gangstíga í gamla bænum ódags.

2 nemendur við Blönduskóla hafa verið að vinna að umhverfisverkefni í skólanum og er það niðurstaða þeirra að meira mætti vera um gangstéttir í gamla bænum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur svo að notkun vélknúinna ökutækja minnki.

Byggðaráð þakkar fyrir ábendinguna

11. Önnur mál

a) Sorpmál

Byggðaráð samþykkir að frá og með 1. maí n.k. verði sorphirða með sama sniði í þéttbýli og dreifbýli Blönduósbæjar hvað varðar tíðni og fjölda íláta. Tæknideild falið að skoða breytingar á fyrirkomulagi sorpmála þannig að flokkun aukist og losunardögum fækki.

b) Óbyggðamál

Farið var yfir stöðu óbyggðamála í sveitarfélaginu. Fyrir liggur að taka þurfi ákvörðun um áfrýjun í apríl.

Fundi slitið 19:50

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign)